

Stjórnarfundur 05.09.2023

Félagsheimili Ljúfs kl. 20:00

1. Veitur hafa lagt nýtt affallsrör frá kompunni við félagsheimili og liggur það út í Varmá.
 - a. Í vetur stendur til að laga borholuna við reiðvöllinn og gera hana eins og borholuna við reiðveginn í Reykjafjalli.
 - b. Það mun koma smiður til að skoða skemmdir vegna gufu frá affallsröri á pallinum við félagsheimilið.
 - c. Ljúfur er með heimild til að mála kompana og senda reikning á Veitur.
2. Raflýsing
 - a. Eftir samræður við Hveragerðisbæ þá skal Ljúfur borga verktakakostnað við jarðvinnu og niðursetningu ljósastaura. Áhaldahús veitir aðstoð við skipulagninguna. Ragnhildur og Snævar munu ræða við Höskuld um næstu skref.
3. Gott væri að minna húseigendur að hreinsa taðprær við hesthúsin fyrir veturinn.
4. Ljúfur fékk gefins sjónvarp í félagsheimilið. Bikarahilla verður færð og sjónvarpið hengt upp á vegg þar sem það nýtist félagsmönnum. Hægt verður að nota það við fyrirlestira, námskeið ofl.
5. Félagið getur fengið steypuklumpa í áhaldahúsi til að setja upp skilti við reiðvegi.
6. Reiðvegir
 - a. Búið er að gera reiðveg frá Hvammsvegi að undirgöngum sem eru á þjóðvegi á móts við Hvol og einnig að gera tengingu frá undirgöngum að Ingólfsfjalli.
 - b. Nú er einnig hægt að ríða undir brú á þjóðvegi við Ásnes og nýr reiðvegur er kominn frá ánni þar sem er komið undan brúnni og liggur upp með ánni og síðan meðfram sveitaveginum að Hvammsvegi við Klettagljúfur.
 - c. Enn er til styrkur sem verður notaður til að bæta í reiðveg frá Sogni meðfram fjallinu að vaði yfir Varmá við golfvöllinn.
7. Skipulagsfulltrúi hefur sagt formanni Ljúfs að Hveragerðisbær muni ekki klára deiliskipulag á þessu ári vegna of mikils kostnaðar.
8. Hugmynd hefur komið upp frá félagsmönnum að setja upp rekstrarhring á litla reiðhringnum.
9. Baldvin og Þorvaldur gáfu Ljúf kassa með hvítum reiðbuxum sem félagið getur notað sem lánsbuxur fyrir Ljúfsknapa í keppni.